

Skólanefndarfundur 6. desember 2022

Fundur settur 16:00 á sal skólans.

Glæsilegar jólaveitingar frá Gamla Bauk

Mættir: Hjálmar Bogi Hafliðason, Valgerður Gunnarsdóttir, Halldór Jón Gíslason, Elín Pálmadóttir (fulltrúi kennara), Arna Ýr Arnarsdóttir (ritari), Egill Olgeirsson, Unnur Sigurðarsdóttir (varamaður fyrir Birgittu Bjarney), Ármann Örn Gunnlaugsson, Jóhanna Sigríður Kristjánsdóttir.

Fjarverandi: Birgitta Bjarney, Friðrika Bóel Ödudóttir (fulltrúi nemenda), Kristey Bráinsdóttir (foreldrafulltrúi)

Dagskrá:

1. Stefnumiðuð áætlun FSH til þriggja ára 2023-2025.
2. Útkomuspá fyrir árið 2022.
3. Rekstraráætlun fyrir árið 2023.
4. Skólafundur 16. nóvember sl.
5. Foreldrafélag FSH.
6. Innlegg frá aðstoðarskólameistara um námslega þætti.
7. Önnur mál.

1. Stefnumiðuð áætlun FSH til þriggja ára 2023-2025

Skjalinu varpað á skjá og það var einnig sent með sem fylgiskjal í fundarboði.

Valgerður skólameistari fer yfir helstu áherslur í kjarnastarfsemi Framhaldsskólans á Húsavík og eins í rekstri. Þegar litið er til kjarnastarfsemi eru aðal áherslurnar brottfall nemenda, efla forvarnir og stuðning við nemendur til að bæta námsárangur og líðan og efla vitund nemenda og starfsfólks um forvarnir gegn ofbeldi og einelti og fjölbreytni mannlegrar flóru. Þegar litið er til rekstrarþátta ætlar FSH að taka þátt í Erasmus+ verkefni, auka starfsánægju og öryggi á vinnustað. Bæta aðbúnað og tækjakost starfsmanna og að lokum draga úr umhverfisáhrifum stofnunarinnar.

2. Útkomuspá 2022

Reiknað er með að loka árinu 2022 með u.þ.b. 3 m.kr rekstrarafgangi sem færist yfir á 2023.

3. Rekstraráætlun 2023

Búið er að skila inn rekstraráætlun 2023 til ráðuneytisins þó að staðfest fjárframlög liggi ekki fyrir.

4. Skólafundur 16. nóvember sl.

Hanna Björg Vilhjálmsdóttir kom í Framhaldsskólann á Húsavík og hélt erindi um ofbeldi og hinar ýmsu birtingarmyndir þess sem hefur verið mikið í umræðunni undanfarið, hvort sem það er í fréttum eða á samfélagsmiðlum.

Nemendur og starfsfólk skólans komu saman á sal. Valgerður Gunnarsdóttir skólameistari setti fundinn, Friðrika Bóel Ödudóttir flutti ljóð. Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, kynjafræðikennari við

Borgarholtsskóla, flutti erindi fyrir nemendur og starfsfólk. Hanna fór um víðan völl og ræddi hinar ýmsu birtingamyndir ofbeldis og þá sérstaklega kynferðisofbeldi. Að því loknu fóru nemendur í hópá þar sem þeir unnu með spurningar upp úr erindi Hönnu.

5. Foreldrafélag FSH.

Foreldrafundur hefur verið einu sinni á önn. Foreldrafélagið hefur reynst okkur mjög vel sérstaklega í kringum dillidaga og útskrift en við eigum erfitt með að ná til þeirra hins vegar.

Tillaga: Tala við nemendur og fá hugmyndir um það hvar þau vilja að foreldrar sínir taki þátt og sýni lit í þeirra námi (á skólafundi, í vörðuviðtölum eða annað)

6. Innlegg frá aðstoðarskólameistara um námslega þætti.

- Önnin hefur gengið vel og höfum við fengið til okkar marga áhugaverða fyrirlestra svo sem Geðlestina, ofbeldiskólann, Hönnu með erindi á skólafundi. Allt er þetta vegna þess að það er áhersla á ofbeldi og fræðslu í samfélaginu.
- Við ætlum að reyna að ná betur til fjarnema sem eru hjá okkur í námi.
- Nemendur búnir að vera á fullu í leikhúsinu og staðið sig mjög vel, síðasta sýning var 1. desember.
- Búið er að opna fyrir umsóknir fyrir fjarnáms, prófatíð er hafin.
- Sama stökkatafla verður á vorönn 2023 og er nú.

7. Önnur mál

- Starfsbrautin mun stækka á næsta haust. Er búið að undirbúa það með tilliti til mannaáðninga og húsnæðis? Já húsnæðisaðstaðan er orðin mjög góð. Eftir áramót verður auglýst eftir þroskþjálfara, iðju þjálfara eða sérkennara menntun.
- Starfsfólk FSH stefnir á námsferð til Kaupmannahafnar að skoða skóla þar og taka lest yfir til Svíþjóðar og skoða einnig skóla í Lundi.
- Skólanefnd grillar fyrir nemendur og starfsfólk í vor.

Fundislitið 17:31